

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024,
þjónustustofnanir við Kirkjubraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024 frá 16. maí 2006.

Breytingin felst í því að 0,6 ha opið svæði til sérstakra nota vestan Kirkjubrautar verður svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem gert er ráð fyrir hjúkrunarheimili. Nýtingarhlutfall á svæðinu verður 0,5. Svæðið er að hluta á náttúruminjaskrá, Valhúsaá, vegna útivistargildis og útsýnis.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2009